



Reykjavík, 12. nóvember 2020

Niðurstaða athugunar á innra eftirlitskerfi og eftirliti með fjárfestingarstarfsemi Lífeyrissjóðs bænda

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) framkvæmdi vettvangsathugun hjá Lífeyrissjóði bænda í maí 2020. Niðurstaða lá fyrir í september 2020.

Markmið athugunar Fjármálaeftirlitsins var að kanna hvort að sjóðurinn byggi yfir fullnægjandi innra eftirlitskerfi og þá sérstaklega er lýtur að eftirliti með fjárfestingarstarfsemi sjóðsins. Í því sambandi var sérstaklega kannað hvernig daglegu eftirliti er háttað með fjárfestingum sjóðsins og hvort eftirlitshlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og áhættustjóra væri nægilega virkt.

Til að öðlast yfirsýn yfir innra eftirlitskerfi sjóðsins og stjórnarhætti hans aflaði Fjármálaeftirlitið ýmissa gagna frá sjóðnum, svo sem fundargerða stjórnar og undirnefnda hennar, áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins og samninga sem sjóðurinn hefur gert um útvistun á veigamiklum atriðum í starfsemi hans. Þá tók Fjármálaeftirlitið viðtöl við framkvæmdastjóra sjóðsins, áhættustjóra og tvo stjórnarmenn á starfsstöð sjóðsins og fór auk þess á starfsstöð útvistunaraðila sem sinnir eignastýringu.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina taldi Fjármálaeftirlitið að ýmsum þáttum í innra eftirlitskerfi sjóðsins með áhættu væri ábótavant. Fjármálaeftirlitið gerði því eftirfarandi athugasemdir:

- Áhættustefna og áhættustýringarstefna lífeyrissjóðsins uppfyllti ekki kröfur skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sbr. 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar, sbr. 9. tölul. 3. mgr. 29. gr. og 36. gr. e. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða.
- Greining og eftirlit með samþjöppunaráhættu og eigna- og skuldbindingajöfnuði í eftirlitskerfi sjóðsins var ófullnægjandi m.t.t. 1. mgr. 6. gr. og 3. og 8. tölul. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/2017.
- Skjalfestingu og skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð áhættustjóra í daglegu eftirliti var ábótavant og aðgreining á milli verkefna áhættustjóra og eignastýringar útvistunaraðila var ekki nægilega skýr með vísan til 1. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997, sbr. einnig 4. og 5. tl. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 590/2017.